



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Greinargerð með fjárhagsáætlun 2020

Greinargerð með 3ja ára áætlun 2021 - 2023

Fyrri umræða í bæjarstjórn 20. nóvember 2019

Efnisyfirlit

Greinargerð með fjárhagsáætlun 2020	3
Greinargerð með 3ja ára áætlun 2021 – 2022	13

Greinargerð með fjárhagsáætlun fyrir árið 2020

Fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Árborgar fyrir árið 2020 er lögð fram til fyrri umræðu í bæjarstjórn miðvikudaginn 20. nóvember 2019. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum skal fjalla um fjárhagsáætlun á tveimur fundum í sveitarstjórn og verður seinni umræðan í bæjarstjórn 11. desember næstkomandi.

Fjárhagsáætlun kann að taka einhverjum breytingum á milli umræðna.

Grunnur fjárhagsáætlunar 2020-2023 byggir á útkomuspá fyrir árið 2019.

Almenna reglan er að tölulegur hluti fjárhagsáætlunar ræður ef misræmi kann að vera á milli texta í greinargerð og tölulega hlutans.

I Inngangur

Tillaga að fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Árborgar fyrir árið 2020, til fyrri umræðu, gerir ráð fyrir að afgangur af rekstri samstæðunnar verði um 140 millj.kr. Við endurskoðun ársreiknings Árborgar síðastliðið vor var gerð breyting á færslu arðgreiðslna í bækur sveitarfélagsins. Breytingin var gerð í samráði við endurskoðendur í framhaldi af úttekt Haraldar L. Haraldssonar hjá sveitarfélaginu síðastliðið haust. Án þessarar breytingar hefði fjárhagsáætlun nú sýnt afgang upp á rúmar 300 millj.kr. Búið er að leiðrétta allar samanburðartölur vegna þessa en þetta gæti þó valdið misskilning ef farið er að bera saman ný skjöl og gömul.

Mikil vinna hefur verið lögð í að bæta áætlanagerð hjá Árborg og auka nákvæmni fjárhagsáætlunar í því skyni að draga úr frávikum og nauðsyn á gerð viðauka. Markvisst hefur verið unnið að því að auka aðkomu starfsfólks að vinnu við fjárhagsáætlun og er sú aðkoma þegar farin að skila góðum árangri. Í haust hófst skipuleg vinna hagdeildar með forstöðumönnum sveitarfélagsins við mánaðarlega frávikagreiningu reksturs miðað við fjárhagsáætlun ársins. Þessar frávikagreiningar hafa þegar leitt í ljós ýmislegt sem hægt er að bæta úr og varast við gerð fjárhagsáætlunar. Slík frávikagreining og nákvæmni í áætlanagerð eykur einnig líkurnar á að starfsfólk komi auga á leiðir til úrbóta eða kostnaðarþætti sem hægt er að minnka eða komast hjá.

Unnið hefur verið að því, með aðstoð endurskoðenda og annarra sérfræðinga, að vinna greiningar- og spálíkön fyrir Árborg sem nýst geta við stefnumótun og áætlanagerð, samhliða vinnu við að færa húsnæðisáætlun Árborgar í fremstu röð á landsvísu. Ný útgáfa af húsnæðisáætlun er nú til umfjöllunar í nefndum og ráðum og ætti að koma til afgreiðslu á fundi bæjarstjórnar í desember næstkomandi. Greiningar- og spálíkön verðar unnin frekar á næsta ári, enda skiptir miklu máli fyrir áætlanagerð sveitarfélagsins að dregið

verði eins og hægt er úr óvissu um framtíðina, sér í lagi þegar vöxtur sveitarfélagsins er svo mikill sem raun ber vitni.

Það auðveldar ekki gerð fjárhagsáætlunar eða fjármál sveitarfélagsins að skatttekjur eru hér lægri en gengur og gerist sem stafar ekki síst af aldursdreifingu þar sem börn og ungmenni eru sérlega fjölmenn, en fjölskyldufólk hefur sýnt búsetu í Árborg mikinn áhuga og eru að sjálfsögðu velkomin. Þetta er hinsvegar ekki leiðrétt í úthlutunum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, þrátt fyrir að einhverjar breytingar hafi verið gerðar til hins betra í regluverki sjóðsins um síðustu áramót.

Það er rík ástæða til að gera betur í rekstri sveitarfélagsins. Verkefni okkar verður áfram að ná betri árangri, bæði á grunni úttektar sem Haraldur Líndal vann fyrir Árborg en einnig með vegferð þar sem starfsfólk sveitarfélagsins, þekking þess og nútíma tækni verða nýtt til að leita hagkvæmari og betri leiða til að sinna hlutverkum sveitarfélagsins.

Bættur rekstur miðar að tvennu. Annarsvegar viljum við bæta þjónustu við íbúa eins og kostur er og auka þannig velsæld og ánægju í sveitarfélaginu. Hinsvegar er myndarlegur rekstrarafgangur nauðsynlegur svo sveitarfélagið hafi aukna getu til fjárfestinga í nauðsynlegum innviðum á borð við leikskóla, grunnskóla, íþróttahús og fráveitu – sér í lagi þegar fjölgun íbúa er eins hröð og nú gerist í Árborg.

II Forsendur fjárhagsáætlunar 2020

Eftirfarandi forsendur liggja til grundvallar fjárhagsáætlun fyrir árið 2020 :

1. Útsvar :
Útsvarsprósenta fyrir árið 2020 verði 14,52 %
2. Verðlag :
Verðbólga 2,6%
3. Aðrar forsendur :
Íbúafjöldi : Gert er ráð fyrir fjölgun íbúa sem nemur 6% á ári.
4. Fasteignagjöld :
Fasteignagjöld fyrir árið 2020 verði lögð á sem hér segir :
 - a. Fasteignaskattur
 - i. A - flokkur Fasteignaskattur íbúðarhúsnæðis eins og þær eru skilgreindar í 3.gr. í lögum nr. 4/1995 verður 0,270% af heildar fasteignamati.
 - ii. B – flokkur Fasteignaskattur af opinberum byggingum eins og þær eru skilgreindar í 3.gr. í lögum nr. 4/1995 verður 1,32% af heildar fasteignamati.
 - iii. C – flokkur Fasteignaskattur atvinnuhúsnæðis og öðrum eignum eins og þær eru skilgreindar í 3.gr. í lögum nr. 4/1995 verður 1,60% af heildar fasteignamati.

Sérstakur afsláttur er veittur af fasteignaskatti samkvæmt reglum um afslátt til elli- og örorkulífeyrisþega, sjá lið 5 hér að neðan.
 - b. Lóðarleiga
 - i. Almenn lóðarleiga verði 1,0% af fasteignamati lóðar.
 - ii. Lóðarleiga ræktunarlands verði 3,3% af fasteignamati lóðar.
 - c. Vatnsgjald
 - i. Vatnsgjald á íbúðarhúsnæði verði 0,1765% af heildar fasteignamati eignar.
 - ii. Aukavatnsskattur verði lagður á atvinnuhúsnæði samkvæmt mæli og leggst á m³ notkun. Grunnur gjaldsins er 17,8 kr. á m³ miðað við grunnvísitölu september mánaðar 2007. Gjaldið uppreiknast á hverjum gjalddaga.

d. Fráveitugjald

- i. Fráveitugjald er 0,2512% af heildarfasteignamati eignar.
- ii. Gjald fyrir hreinsun rotþróa verður skv. gildandi gjaldskrá.

e. Sorphirðugjald

i. Íbúðarhúsnæði

Á grundvelli laga nr. 7/1998 er sorphirðugjald lagt á hverja íbúð. Sorphirðugjald fyrir íbúðir skal vera sem hér greinir :

Gjaldtegund	120L tunna	240L tunna
Sorphreinsunargjald	27.880 kr	27.880 kr
Sorpeyðingargjald	22.860 kr	34.870 kr
Samtals	50.740 kr	63.550 kr

ii. Sumarhús


Heimild er að veita 50% afslátt frá sorphirðugjaldi íbúðarhúsnæðis.

Gjalddagar fasteignagjalda verði 10 talsins, þeir eru: 1.febrúar, 1.mars, 1.apríl, 1.maí, 1.júní, 1.júlí, 1.ágúst, 1.september, 1.október og 1.nóvember. Eindagi er 30 dögum síðar. Afslættir

- a. Sérstakur afsláttur fyrir elli- og örorkulífeyrisþega verður veittur við álagningu fasteignaskatts og fráveitugjalds á íbúðarhúsnæði skv. reglum þar um.
- b. Veittir verði afslættir til félaga sem starfa að menningar-, íþrótt-, æskulýðs- og tómstundarstarfsemi eða vinna að mannúðarstörfum og reka eigið húsnæði eða leigja til lengri tíma en eins árs fyrir starfseminu skv. reglum þar um.

III Rekstur málaflokka og helstu fjárhagslegar breytingar einstakra málaflokka milli áráanna 2019 og 2020

Á myndinni hér að neðan má sjá hlutfall málaflokka af skatttekjum árið 2020 :



Fræðslu- og uppeldismál eru sem fyrr langstærsti málaflokkurinn en útgjöld fræðslumála nema 54,7% af skatttekjum ársins 2020. Félagsþjónustan er með 15,8%, æskulýðs- og íþróttamál eru með 10%, sameiginlegur kostnaður er með 4,8% og umferðar- og samgöngumál er með 4,1%.

00 Skatttekjur

Gert er ráð fyrir að skatttekjur á árinu 2020 verði 616 millj.kr. hærri en áætlun 2019. Áætlun útsvarstekna er byggð á áætlun ársins 2019, en horfur eru á að niðurstaða 2019 verði lítillega yfir áætlun. Til hækkunar er notast við forsendur frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga fyrir tekjuárið 2020, dags. 1. nóvember sl., þar sem gert er ráð fyrir 2,6% hækkun verðlags og 2,5% kaupmáttarhækkun launa. Til viðbótar þannig áætlaðri 5,1% hækkun launa er gert ráð fyrir 6% íbúafjölgun og er því samtals reiknað með 11,1% hækkun útsvarstekna. Útsvar samkvæmt áætlun hækkar því um 572 millj.kr. milli ára.

Stofn til útreiknings fasteignagjalda sem innheimt eru á árinu 2020 miðast við fasteignamat eigna sem birt var í sumarbyrjun 2019. Álagningarhlutfall fasteignaskatts í A - flokki lækkar úr 0,275% í 0,270% milli ára og álagningarhlutfall í C - flokki lækkar úr 1,65% í 1,60% en álagningarhlutfall í B-flokki er óbreytt milli ára. Fasteignaskattar hækka um 87 millj.kr. Lóðarleiga hækkar um 28 millj.kr. milli ára.

Áætlað er að framlög frá Jöfnunarsjóði lækki um 70 millj.kr. frá áætlun 2019. Rekstrarframlag grunnskóla hækkar um 18 millj.kr. Framlag vegna fasteignaskatts lækkar um 20 millj.kr. milli ára. Útgjaldajöfnunarframlag lækkar um 15 millj.kr. Framlag vegna sérþarfa fatlaðra nemenda stendur í stað milli ára. Tekjujöfnunarframlag hækkar um 33,8 millj.kr. og framlög vegna nýbúa hækkar um 4,4 millj.kr. Framlag vegna yfirtöku á málefnum fatlaðs fólks lækkar um 91 millj.kr. milli ára. Árborg fær greiðslur í gegnum Bergrisann bs. vegna þeirra eininga sem það rekur í þessum málaflokki og koma þær ýmist frá Jöfnunarsjóði eða Bergrisanum (sveitarfélögunum þrettán). Greiðslur sem koma frá Bergrisanum má ekki færa á málaflokk 00 og eru því færðar á málaflokk 02 og því er um lækkun að ræða hér.

02 Félagsþjónusta

Fjárheimildir til málaflokksins hækka um 73 millj.kr. milli ára. Eins og rakið er hér að neðan eru nú færðar tekjur á þennan málaflokk vegna málefna fatlaðs fólks upp á 263 millj .kr. sem ekki hafa verið færðar hér áður. Launakostnaður hækkar um 155 millj. kr. og fjölgar stöðugildum um 16,7 milli ára. Framlag vegna félagslegrar ráðgjafar hækkar um 12,5 millj.kr. vegna stöðugildis í félagslegri ráðgjöf og 40% stöðugildis sálfræðings. Framlag vegna félagslegra úrræða hækkar um 3,9 millj.kr. vegna vistunargreiðslna. Framlag vegna fjárhagsaðstoðar hækkar um 11,9 millj.kr. milli ára. Framlag til félagslegrar heimþjónustu hækkar um 37,5 millj.kr. milli ára. Hækkunina má rekja til fjölgunar stöðugilda vegna breytinga á lögum um félagsþjónustu um aukna grunnþjónustu og hækkun á ræstingarþjónustu með stærra húsnæði. Framlag til barnaverndar hækka um 14,6 millj.kr. milli ára vegna aukins stöðugildis félagsráðgjafa og aukningar í tilsjón. Framlag vegna Árblik,dagsvist aldraðra hækkar um 25 millj.kr. vegna hækkunar á innri leigu og aukins stöðugildis þar sem notendum hefur fjölgað. Framlag vegna ferðþjónustu fatlaðra hækkar um 25,9 millj.kr. Framlag vegna frístundaklúbbsins Kotsins hækkar um 15,6 millj.kr. vegna viðbótar stöðugildis vegna fjölgunar notenda. Búsetuúrræði fyrir börn hækkar um 32,3 millj.kr. milli ára, úrræðið tók til starfa í febrúar 2019 og er fullnýtt í dag og má rekja hækkunina til aukinnar mönnunar því samhliða. Framlag til heimilisins Vallholti 9 hækkar um 11,4 mill.kr. og má rekja hækkunina til breytinga á launum vegna starfsmats. Lengd viðvera framhaldsskólanema hækkar um 17,5 millj.kr. þar sem þjónustan mun vera starfrækt allt árið en áætlun fyrir árið 2019 var eingöngu fyrir haustönn. Þjónustumiðstöð Álftarima

hækkar um 62,3 millj .kr. og má nær eingöngu rekja það til aukins kostnaðar vegna fjölgunar á beingreiðslu- og NPA samningum. Framlag vegna málefna fatlaðra lækkar um 254 millj .kr. milli ára og má rekja þá lækkun til þess að hluti af tekjum sem hingað til hafa verið færðar á málaflokk 00 – Jöfnunarsjóð eru færðar á þessa deild. Áætlað er að tekjur upp á 263 millj.kr. komi í gegnum Bergrisann bs. en ekki Jöfnunarsjóðinn eins og undanfarin ár. Aðrar deildir ýmist lækka lítillega eða hækka milli ára.

04 Fræðslu- og uppeldismál

Fjárheimildir til málaflokksins hækka um 276 millj.kr. milli ára. Launakostnaður hækkar um 191 millj. kr. og fjölgar stöðugildum um 25,3 milli ára. Vöru- og þjónustukaup aukast um 11 millj.kr. milli ára. Framlög til Álfheimar og Árbæjar hækkar vegna stækkunar og framlag til Hulduheima hækkar lítillega milli ára. Framlög til Jötunheima og Brimvers/Æskukots lækkar milli ára. Framlag til Sunnulækjarskóla hækkar um 36 millj .kr. milli ára en gert er ráð fyrir óverulegri fjölgun nemenda milli skólaára. Framlag til Vallaskóla hækkar um 78 millj .kr. milli ára. Launaliður hækkar um 46 millj.kr. þar sem gert er ráð fyrir að nemendum fjölgi um tvær bekkjardeildir milli skólaára og innri leiga hækkar um 35,8 millj.kr. Óveruleg hækkun er á milli ára hjá Barnaskólanum á Eyrarbakka og Stokkseyri. Framlag til Sérdeildar hækkar um 30,8 millj.kr. milli ára. Má helst rekja það til hækkunar á launakostnaði vegna fjölgunar nemenda, námsleyfis og launahækkana þroskaþjálfara. Endurgreiðslur vegna leikskólabarna lækka um 3 millj.kr. og endurgreiðslur vegna grunnskólabarna hækka lítillega. Námsvistargjöld í leikskólum hækka um 2,9 millj.kr. og námsvistargjöld í grunnskólum standa í stað. Framlög til frístundaheimilanna þriggja hækkar milli ára en mismikið þó. Mest er aukningin í launum vegna fjölgunar barna og vegna sér úrræða og einnig er ný staða þroskaþjálfara sem starfar þvert á frístundaheimilin þrjú. Í dag eru um 290 börn sem nýta sér þjónustu frístundaheimilanna daglega. Framlög til tónlistarskóla hækka lítillega milli ára. Aðrir liðir ýmist hækka eða lækka lítillega milli ára.

05 Menningarmál

Fjárheimildir til málaflokksins hækka um 14,6 millj.kr. milli ára. Framlög til bókasafna Árborgar hækkar um 4,7 millj.kr. Framlag til safna hækkar í heild um 13,4 millj.kr. Framlag til hátíðarhalda stendur í stað. Ýmsir styrkir og framlög lækka um 4,4 millj.kr. en það má rekja til þess að Sóknaráætlun Suðurlands er nú færð undir málaflokk 13. Aðrir liðir breytast lítillega.

06 Æskulýðs- og íþróttamál

Fjárheimildir til málaflokksins hækka um 85,3 millj.kr. milli ára. Framlag til yfirstjórnar æskulýðs- og íþróttamála hækkar um 30 millj .kr. milli ára. Má rekja það til tilfærslu á launum en laun Tómsunda- og forvarnarfulltrúa eru nú færð hér en ekki undir félagsmiðstöð og ungmennahús. Einnig er um að ræða aukningu í þjónustukaupum upp á 16,5 millj .kr. vegna Unglingalandsmóts UMFÍ sem haldið er á Selfossi næsta sumar. Að auki er gert ráð fyrir hækkun í þjónustukaupum vegna frístundastrætó með tilkomu fjölgunar íbúa og stækkandi byggðar. Framlag til Sundhallar Selfoss hækkar um 2 millj.kr. milli ára. Reiknaðir styrkir til íþróttafélaga í Árborg hækka um 36 millj .kr. Þessi hækkun er í takt við rekstrartölur íþróttahúsanna en þetta er reiknaður styrkur vegna notkunar íþróttafélaganna á mannvirkjunum. Styrkir til æskulýðs- og íþróttamála lækka um 7 millj.kr. milli ára, frístundastyrkur er óbreyttur frá árinu 2019 eða 35.000 kr. pr. barn 5-17 ára. Aðrir liðir ýmis lækka eða hækka lítillega milli ára.

07 Bruna- og almannavarnir

Fjárheimildir til málaflokksins hækka um 17,5 millj.kr. milli ára. Framlag til Brunavarna Árnessýslu hækkar um 15,2 millj.kr. og framlag til Almannavarna Árnessýslu hækkar um 3,5 millj.kr. og framlag til Björgunarsveita lækkar um 1,1 millj .kr. en þessi styrkur er nú færður undir málaflokk 06.

08 Hreinlætismál

Fjárheimildir til málaflokksins hækka um 41,5 millj.kr. milli ára. Framlag til Heilbrigðiseftirlits hækkar um 5 millj.kr. sem rekja má til þátttöku sveitarfélagsins í lóðarhreinsunarátaki sem Heilbrigðiseftirlitið stendur fyrir. Framlag til sorphreinsunar og gámastöðvar hækkar um 18,5 millj .kr. Tekjur aukast vegna verðlagsþróunar og fólksfjölgunar og sorphirðugjöld hækka um 2,5% milli ára. Vörukaup lækka þar sem innleiðing brúnu tunnunar er lokið og þjónustukaup hækka vegna raunkostnaðar og má rekja það til íbúafjölgunar og hækkunar á urðunarkostnaði. Framlag til sorpeyðingar/urðunarstaðar hækkar um 18,8 millj .kr. en þjónustukaup hækka vegna breyttra aðstæðna við móttöku jarðefna. Aðrir liðir hækka lítillega milli ára.

09 Skipulags- og byggingarmál

Fjárheimildir til málaflokksins hækka um 65,4 millj.kr. milli ára. Framlag vegna skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa hækkar um 13,2 millj.kr. vegna aukins stöðugildis og aukningar á þjónustukaupum. Framlag til aðalskipulags stendur í stað milli ára. Framlag til

deilisskipulags hækkar um 3 millj .kr. Framlag til byggingareftirlits hækkar um 26 millj.kr. milli ára vegna lækkunar á tekjum og fjölgunar um 2 stöðugildi frá áætlun 2019. Framlög vegna lóða og lendna hækkar um 20,8 millj. kr.

10 Umferðar- og samgöngumál

Fjárheimildir til málaflokksins hækka um 17,1 millj.kr. milli ára. Yfirstjórn umferðar- og samgöngumála hækkar um 10,4 millj.kr. vegna ráðningu á nýjum verkefnastjóra. Viðhald gatna hækkar um 9 millj.kr. en íbúafjölgun og stækkun sveitarfélagsins hefur bein áhrif á þessa deild bæði í formi aukinnar umferðar sem og stækkunar á gatnakerfi undanfarin ár (Tjarnabyggð, Gráhella, Dísastaðarland, Hagaland, Suðurhólar, Austurhólar). Aðrir liðir breytast lítillega milli ára.

11 Umhverfismál

Fjárheimildir til málaflokksins hækka um 3 millj.kr. milli ára. Umhverfisnefnd verður til undir þessum málaflokki með launakostnað. Aðrar deildir breytast lítillega á milli ára ýmist til hækkunar, lækkunar eða standa í stað.

13 Atvinnumál

Fjárheimildir til málaflokksins hækka um 7,5 millj.kr. milli ára. Framlag til Upplýsingamiðstöðvar ferðamála hækkar um 3,7 millj.kr. sem rekja má til þess að styrkur til Markaðsstofu Suðurlands er nú færður hér en ekki undir málaflokki 21. Aðrar deildir ýmist hækka eða lækka lítillega milli ára.

21 Sameiginlegur kostnaður

Fjárheimildir til málaflokksins hækka um 57,7 millj.kr. milli ára. Framlag til skrifstofu sveitarfélagsins hækkar um 64,5 millj.kr. Laun hækka um 55,7 millj.kr. vegna 4 nýrra stöðugilda, stöðugildi í bókhald og hagdeild, lögfræðingur, mannauðsráðgjafi og verkefnastjóri stafrænnar þróunar. Innheimtukostnaður staðgreiðslu og kostnaður vegna FMR hækkar um 5,3 millj.kr. og vöru- og þjónustukaup hækka um 8,4 millj.kr. á milli ára. Framlag vegna heimasíðu og kynningarmála lækkar um 13,3 millj.kr. Starfsmannakostnaður hækkar um 1,3 millj.kr.. Aðrar deilir ýmist hækka eða lækka lítillega milli ára.

IV Nokkrar lykiltölur

Rekstur :

Fjárhagsáætlun sem nú liggur fyrir til fyrri umræðu gerir ráð fyrir að rekstrarniðurstaða samstæðunnar án afskrifta og fjármagnsliða sé jákvæð um 1.200 millj.kr. Afskriftir eru áætlaðar 554,5 millj.kr., fjármagnskostnaður nettó er áætlaður 504,3 millj.kr. Tekjuskattur vegna Selfossveitna reiknast 2,7 millj.kr. Heildarniðurstaða samstæðunnar er því jákvæð um 138,4 millj.kr.

Áætlunin gerir ráð fyrir að samanlagðar tekjur A og B hluta verði 11.356,5 millj.kr. á árinu 2020. Hlutur skatttekna (útsvar, fasteignagjöld og Jöfnunarsjóður) í samanlögðum tekjum í A hluta er 8.532 millj.kr. eða 87,55%.

Samkvæmt áætluninni þá verða skatttekjur (útsvar, Jöfnunarsjóður og fasteignaskattur) á íbúa 791 þús.kr. og heildareignir á íbúa verða 1.996 þús.kr.

Veltufé samstæðunnar frá rekstri er áætlað 1.123 millj.kr. Afborganir lána eru áætlaðar 888,3 millj.kr. Heildarlaunakostnaður er áætlaður 6.179 millj.kr. sem er 54,4% af heildartekjum og 73,7% af skatttekjum en sveitarfélagið er stór vinnuveitandi með um 912 starfsmenn í 686 stöðugildum. Annar rekstrarkostnaður er áætlaður um 3.978 millj.kr.

Fjárfestingar :

Fjárfestingar ársins eru áætlaðar 3.227 millj.kr. Afborganir lána eru áætlaðar 888,3 millj.kr. og nýjar lántökur eru áætlaðar 3.060 millj.kr. Í töflunni hér að neðan má sjá skiptingu helstu framkvæmda á málaflokka

Helstu framkvæmdir og fjárfestingar árið 2020	
Eignasjóður :	
Félagsþjónusta	72.000.000
Heilbrigðismál	270.000.000
Fræðslu- og uppeldismál	195.000.000
Umferðar- og samgöngumál	229.000.000
Umhverfismál	42.500.000
Þjónustustöð :	
Tækjakaup	20.000.000
Fasteignafélag Árborgar :	
Grunnskóli Björk	450.000.000
Nýr leikskóli	350.000.000
Fjölnota íþróttahús	510.000.000
Fráveita :	268.000.000
Vatnsveita :	138.000.000
Selfossveitur :	630.000.000

Greinargerð með 3ja ára fjárhagsáætlun fyrir árin 2021- 2023

Hér er lögð fram í bæjarstjórn Árborgar þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál Sveitarfélagsins Árborgar fyrir árin 2021– 2023

Þriggja ára áætlun er ekki staðfest fjárhagsáætlun fyrir árin 2021-2023 heldur yfirlit yfir það sem er á dagskrá þessi ár. Við fjárhagsáætlanagerð hvers árs fer fram nánari útfærsla á þriggja ára áætlun miðað við þær forsendur sem þá liggja fyrir og því geta fjárhæðir og framkvæmdahraði vegna einstakra verkefna breyst frá því sem fram kemur í þriggja ára áætlun hverju sinni.

Samkvæmt lögum fer þriggja ára áætlun í tvær umræður í bæjarstjórn. Áætlunin sem nú liggur fyrir getur því tekið breytingum milli umræðna en seinni umræða er áætluð þann 11. desember næstkomandi.

Almenna reglan er að tölulegur hluti fjárhagsáætlunar ræður ef misræmi kann að vera á milli texta í greinargerð og tölulega hlutans.

Helstu forsendur áætlunar 2021 – 2023

Til að unnt sé að setja fram áætlunina hafa ákveðnar forsendur verið lagðar til grundvallar. Þriggja ára áætlun er byggð á áætlun ársins 2020. Gert er ráð fyrir óbreyttum rekstri allra málaflokka næstu 3 árin fyrir utan nýjan skóla og leikskóla sem taka til starfa á þessu tímabili.

Íbúapróun

Í áætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2020 er gert ráð fyrir fjölgun íbúa sem nemur 6% á ári og í þriggja ára áætlun er gert ráð fyrir að íbúum fjöldi um 7% árin 2021 og 2022 en 6,9% árið 2023.

Skatttekjur

Áætlun á skatttekjum er byggð á áætlun ársins 2020 en gert er ráð fyrir hækkun sem nemur 12,2% árið 2021, 11,9% árið 2022 og 11,1% árið 2023 og er það byggt á hækkun verðlags, kaupmáttarhækkun launa og íbúafjölgun þessara ára skv. Þjóðhagspá Hagstofu Íslands.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Áætlun á framlögum Jöfnunarsjóðs er byggð á áætlun ársins 2020 og hækkar sem nemur hækkun verðlags á tímabilinu eða um 2,5% á ári.

Fasteignaskattur

Áætlun á fasteignaskatti byggir á áætlun 2020 og hækkar um 9% á ári og er það byggt á hækkun fasteignamats og magnaukningu á svæðinu á tímabilinu.

Þjónustutekjur

Áætlun þjónustutekna er byggð á áætlun ársins 2020 og hækkar sem nemur hækkun verðlags á tímabilinu eða um 2,5% á ári.

Laun

Áætlun launa og launatengdra gjalda er byggð á launaáætlun ársins 2020 og tekur hækkunum á tímabilinu sem nemur hækkun verðlags og kaupmáttarhækkun launa. Laun hækka því um 5,2% árið 2021, 4,9% árið 2022 og 4,2% árið 2023.

Rekstrarkostnaður

Áætlun rekstrarkostnaðar er byggð á áætlun ársins 2020 og hækkar sem nemur hækkun verðlags á tímabilinu eða um 2,5% á ári.

Helstu niðurstöður áætlunar 2020 – 2023.

Samantekinn A og B hluti	Fjárhæðir í þús. kr.			
	Áætlun 2020	Áætlun 2021	Áætlun 2022	Áætlun 2023
Rekstrarreikningur				
Tekjur	11.356.534	12.421.608	13.554.717	14.732.529
Gjöld	-10.711.065	-11.752.022	-12.755.288	-13.205.338
Fjármagnsliðir	-504.293	-586.610	-642.827	-651.242
Tekjuskattur	-2.725	-16.816	-24.170	-35.060
Rekstrarniðurstaða	138.450	66.159	132.432	840.889
Efnahagsreikningur				
Eignir	21.152.924	22.858.360	23.822.552	24.789.654
Eigið fé	5.355.251	5.421.410	5.553.842	6.394.731
Skuldir	15.797.673	17.436.950	18.268.710	18.394.923
Sjóðstreymi				
Veltufé frá rekstri	1.122.618	1.155.148	1.301.856	2.046.802
Fjárfestingar	-3.227.000	-2.332.500	-1.662.500	-1.635.655
Fyrirfram innheimtar tekjur				364.155
Samtals fjárfestingar	-3.227.000	-2.332.500	-1.662.500	-1.271.500
Ný langtímalán	3.060.000	2.395.000	1.760.000	650.000
Afborganir langtímalána	-888.343	-1.109.998	-1.315.185	-1.281.430

Eins og sjá má í töflunni hér að ofan er gert ráð fyrir að rekstrarniðurstaða samstæðunnar verði jákvæð öll árin. Veltufé frá rekstri er jákvætt á tímabilinu.

Fjármagnsliðir

Fjármagnsliðir eru reiknaðir miðað við þau vaxtakjör sem sveitarfélagið býr við. Við útreikning á fjármagnskostnaði er gert ráð fyrir hækkun vísitölu um 2,5 % árið 2021, 2,5% árið 2022 og 2,5% árið 2023 sem er skv. þjóðhagsspá Hagstofu Íslands sem gefin var út 1. nóvember síðastliðinn.

Fjárfestingar

Gert er ráð fyrir fjárfestingum fyrir 2.332,5 millj.kr. árið 2021, 1.662,5 millj.kr. árið 2022 og 1.271,5 millj.kr. árið 2023.

Lántökur

Ný langtímalán á árunum 2021 -2023 eru áætluð 4.805 millj.kr. og niðurgreiðslur eldri lána eru áætlaðar á sama tímabili 3.706 millj.kr.